

70
8. sept.

L Ö G

um

notkun bifreiða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 11. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða, höfum látið fella texta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga um notkun bifreiða, nr. 56, 15. júní 1926, og gefum þau hérmeð út þannig breytt.

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvél í vagninum sjálfum, og ætlaður til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Stjórnarráðið getur, að fengnu áleti sýslunefndar þeirrar eða bæjarstjórnar, sem hlut á að máli, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegaköflum með öllu, eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð telst hættuleg eða vera til sérlegra óþæginda.

3. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugum og auðvelt sé að snúa þeim. Sé bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvélin geta knúið hana aftur á bak sem áfram. Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd utanmáls sé 1,86 metrar; þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu að því er sérstaka vegarkafli snertir.

Á hverri bifreið skulu vera:

1. tvennir hemlar svo sterkir, að með hvorum þeirra megi stöðva vagninn innan tveggja vagnlengda, þó hann renni með fullum hraða (45 km.), og

umbúnaður, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis, ef annar-
 hvor hemillinn orkar ekki.

70
 8. sept.

2. horn, til þess að gefa með hljóðmerki.

3. ennfremur þegar dimmt er:

a. tvö tendruð ljósker, sitt á hvorri hlið bifreiðarinnar framantil, og í sömu
 hæð, sem lýsa svo, að ökumaður sjái að minnsta kosti 12 metra fram á
 veginn.

b. eitt ljós, sem ber skæra birtu á merki vagnsins.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð bifreiða,
 þar á meðal sérstaklega um þyngd þeirra.

4. gr.

Sérhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi,
 sem hann er búsettur í, tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til
 notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum. Ef vagn-
 inn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða,
 sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og af-
 henda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og má ekki taka af honum
 meðan hann er notaður. Verði eigendaskipti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og
 hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi
 búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda
 tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lög-
 reglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flyzt í, ákveða merki það, er bif-
 reið hans þá skal hafa, og afhenda honum það.

Atvinnumálaráðherra löggildir skoðunarmann eða skoðunarmenn bif-
 reiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvalla-
 sýslu og er heimilt að löggilda skoðunarmann í hverju öðru umdæmi, þar sem
 bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir bifreiðarstjórar, er rétt hafa
 til að stýra leigubifreiðum til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust
 öðru hverju, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða
 allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskirteini bifreiðarstjóra. Skoðunar-
 vottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir
 hverja skoðun. Í skoðunarsvottorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi
 vera í bifreið til mannflutninga. Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir
 skoðanir til lögreglustjóra, og gengur sú upphæð til skoðunarmanna, þar sem
 þeir eru, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Atvinnumálaráðherra
 gefur skoðunarmanni erindisbréf, sem ákveður nánar um valdsvið hans og
 skyldur.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem ástæða er til, látið fara fram nýja
 skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það í ljós, að hún fullnægi ekki
 lengum ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar
 og tekið merki af henni.

70

8. sept.

5. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sé fullra 18 ára að aldri, og hafi ökuskirteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Enginn má þó stýra leigubifreið til mannflutninga nema hann sé fullra 20 ára að aldri.

Til þess að öðlast slíkt ökuskirteini, verður hlutaðeigandi að sýna vottorð frá lækni um að hann hafi fulla sjón, og vottorð tveggja valinkunnra manna um að hann sé áreiðanlegur og samvirkusamur. Ennfremur verður hann að standast próf, samkvæmt ákvæðum, er stjórnarráðið setur með reglugerð; þó má í þeirri reglugerð ákveða, að sá þurfi ekki að taka próf, sem hefir skirteini frá erlendum stjórnarvöldum.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðaakstur.

Bifreiðarstjóri, sem brýtur ákvæði 9. gr. 2. málsg., er slys vill til, eða ekur bifreið ölvaður, skal, auk sekta eftir 14. gr., sviptur ökuskirteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða æfilangt, ef brot er ítrekað, verulegt slys hlýzt fyrir ölaði eða miklar sakir eru að öðru leyti.

Svipting ökuskirteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef ítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 14. gr., svipting ökuskirteinis um ákveðinn tíma eða æfilangt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að svipta bifreiðarstjóra, sem hann telur hafa brotið ákvæði laganna eða áður nefndra reglugerða, ökuskirteini til bráðabirgða, þar til dómur fellur. Sama er og ef lögreglustjóri álitur, að bifreiðarstjóri fullnægi ekki lengur skilyrðum þeim, er útheimtast til að fá ökuskirteini.

6. gr.

Ökuhraðann skal ávallt tempru svo, að komizt verði hjá slysum og ekki sé trufluð umferðin.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þéttbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 45 km. á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 30 km. á klukkustund.

Ákvæði þessara laga um hámarkshraða ná þó ekki til bifreiða í lögreglu- efitirlits- eða læknisferðum.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð, að hámarksökuhraði á einstökum vegum og hámarksökuhraði þungra vörubifreiða og fólksbifreiða til mannflutninga, er flytja fleiri en 7 farþega, skuli vera lægri en hér greinir.

Samskonar ákvæði má setja um takmörkun ökuhraða á götum í kaupstöðum og kauptúnum, ef bæjarstjórn eða hreppsstjórn gerir þar um samþykkt og ráðherra staðfestir.

Þar sem ökumaður sér ekki langt fram á veginn, í kröppum bugum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðara en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sé for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

Á hverri fjórhjóra bifreið skal vera hraðamælir, er sýni farna vegalengd í kílómetrum.

Ökumanni skal ávallt skylt að stöðva bifreið þegar í stað, ef lögreglu- maður gefur honum merki til þess.

7. gr.

Ef bifreið mætir vegfarendum, skal hún halda sér vinstra megin á veginum. Bifreið skal þegar nema staðar, ef sá, sem hún mætir, gefur merki, og skal ökumaður gera það, sem í valdi hans stendur, til þess að þeir, er hann mætir, komist tálma- og slysalaust fram hjá honum. Svo skal og bifreiðarstjóri gæta þess eftir föngum, er hann vill fara fram fyrir vegfarendur, að eigi verði slys af eða tafir, og skal bifreiðin þá vera hægra megin á veginum. Nú fælist hestur eða verður órór, og skal bifreiðarstjóri þá þegar í stað stöðva bifreið og gangvél hennar og styðja að því eftir fremsta megni, að vegfarendum verði eigi tjón eða tálmi að. Hinsvegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum, sem öðrum vögnum, og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðst til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til að koma vögnum aftur á veginn.

8. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa merki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum á veginum.

9. gr.

Bifreiðarstjóri á leigubifreið til mannflutninga skal hafa einkennishúfu á höfði, og skulu skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið skirteini, standa framan á húfunni, svo og tölumerki ökuskirteinis hans.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, er slasast hefir, ef þörf gerist.

Ráðherra heimilast að setja gjaldskrá, er ákveði fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Einnig heimilast ráðherra að ákveða, að gjaldvísir skuli vera í leigubifreiðum til mannflutninga.

11. gr.

Óski útlendingur að nota um stuttan tíma bifreið, sem hann hefir með sér frá útlöndum, getur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann fyrst vill nota vagninn, veitt honum tímabundið leyfi til þess að nota bifreiðina, þó ekki lengur en 3 mánuði, með skilyrðum þeim, er þurfa þykir til þess að ná tilgangi þessara laga. Leyfi þetta getur lögreglustjórinn í hverju því lögsagnarumdæmi, sem bifreiðin er notuð í, afturkallað ef honum þykir ástæða til.

12. gr.

Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).

13. gr.

Rétt er í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggja við eftir öðrum lögum.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr.

Skylt er bifreiðarstjóra að sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiðar á almannafæri.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar, annaðhvort beinlínis eða af akstri hennar, eða af því að hestur vegfaranda fælist, eða á annan svipaðan hátt, er sá, sem ber ábyrgð á bifreiðinni, skaðabótaskyldur, nema sá, sem fyrir slysinu eða tjóninu varð, eða einhver þriðji maður, hafi orðið valdur að slysinu eða tjóninu af ásettu ráði eða með vitaverðri óvarkárni, eða uppvíst verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæzlu og varkárni, sem öikumanni er skylt að gæta.

Framanskráð regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreiðin flytur, nema ræða sé um bifreið, sem er til afnota fyrir almenn- ing gegn borgun. Að öðru leyti fer um skaðabótaskyldu fyrir slík slys eða tjón eftir almennum reglum.

16. gr.

Eigandi bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 15. gr. Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi færast skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann. 70
8. sept.

17. gr.

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, er samkvæmt skoðunarvottorði mega flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja 7—10 farþega, 20000 kr. fyrir bifreið, fyrir bifreiðar, er mega flytja fleiri en 10 farþega, 30000 kr. fyrir bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvihjóla bifreiðar og þær þrihjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfélögum. Skulu þar ákveðnar sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu tryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfélagi skal gerður kostur á að kynna sér í réttinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er tryggt hefir bifreið í félaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenning á tryggingarfélagi eða félögum.

18. gr.

Með framangreindum ákvæðum um skaðabótaskyldu er ekki skertur neinn sá réttur til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

19. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.

20. gr.

Sérhver eigandi bifreiðar skal tryggja ökumann hennar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.

70
8. sept.

21. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um gerð, notkun og skoðun bifreiða og annað það, er þarf til að gera umferð örugga.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 14. júní 1929.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

71
8. sept.

L Ö G

um

verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 6. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, höfum látið fella texta þeirra inn í meginmál laga um verkamannabústaði, nr. 45 1929, og gefum þau hérmeð út þannig breytt.

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að lána til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, enda hafi verið færð rök að því fyrir atvinnumálaráðherra af 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir